

Frá yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis

Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 25. júní 2016

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis kemur saman til fundar í Menningarhúsinu Hofi, v/Strandgötu, Akureyri, nánar tilgreint í Setbergi, fundarsal á 2. hæð, **föstudaginn 20. maí nk. kl. 13:00**, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til yfirkjörstjórnar, Menningarhúsinu Hofi, v/Strandgötu, Akureyri, Setbergi, fundarsal 2. hæð, þriðjudaginn 17. maí nk., milli kl. 9 og 14, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælt til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.Ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Þá skal og fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum hverjir tveir menn séu umboðsmenn viðkomandi framboðs.

Akureyri, 22. apríl 2016.

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis,

Gestur Jónsson oddviti
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Ólafur Rúnar Ólafsson
Katy Bjarnadóttir
Páll Hlöðvesson